

Efni; Fyrirspurn, Tungubakkar

Dagsetning; 27.10.2015

Haraldur Sverrison, Bæjarstjóri
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Undirritaður óskar þess fyrir hönd Þyrlubjónustunnar ehf, Mörkinni 3, 108 Reykjavík að leggja fram fram fyrirspurn varðandi möguleika á uppbyggingu aðstöðu fyrir starfsemi Þyrlubjónustunnar við Tungubakka í Leirvogstungu. Megin starfsemi félagsins felst í leiguflugi með ferðamenn í lengri og skemmri ferðir.

Hugmyndin er að reisa flugskýli 639 m² að grunnfleti auk millilofts um 116 m², brúttóflatarmál um 755 m². Mannvirkinu er ætlað að þjónusta þyrlu félagsins sem er 6 farþega þyrla af gerðinni Bell 407 árgerð 2011 auk annara þyrlna sem félagið hefur til ráðstöfunar hverju sinni. Auk þess er gert ráð fyrir starfsaðstöðu fyrir tvö önnur sjálfstæð fyrirtæki tengd rekstri þyrlubjónustunnar. Þannig er gert ráð fyrir aðsetri þriggja fyrirtækja í byggingunni. Gert er ráð fyrir að fluglínur til og frá velli verði yfir haf til þess að lágmarka hávaðatruflun gagnvart nærliggjandi byggð. Vísað er meðfylgjandi gagna er varða hljóðvist og aðflugslínur auk tillöguteikninga arkitekts.



Óskað er eftir afstöðu bæjaryfirvalda til þess hvort ofangreind uppbygging flugskýlis og tilheyrandi atvinnustarfsemi sé möguleg á ofangreindu svæði.

Virðingarfyllt
Jón Guðmundsson. arkitekt

Þyrlubjónustan ehf
Mörkin 3
108 Reykjavík
Sími 561 6100
info@helo.is
<http://www.helo.is/>